



Selfossi, 22.6.2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**9. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn fimmtudaginn 22. júní 2023, kl. 13:00 í rútu á leið milli slökkvistöðva BÁ í uppsveitum Árnæssýslu.**

**Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Pétur Pétursson sem ritaði fundargerð.**

**1. Bílageymsla á Laugarvatni**

Fjallað var um ráðningu byggingastjóra vegna fyrirhugaðrar byggingar bílageymslu undir tæki slökkviliðsins á Laugarvatni. Slökkviliðsstjóri kynnti fyrir stjórn verðkönnun sem framkvæmd var hjá fjórum aðilum á verkþætti byggingastjóra vegna verkefnisins. Ákveðið var að halda viðræðum áfram við þann aðila er lægstur var í verðkönnuninni.

**2. Umræðufundur um byggingu björgunarmiðstöðvar á Flúðum**

Formaður greindi stjórn frá umræðufundi sem haldin var um byggingu Björgunarmiðstöðvar á Flúðum en fundurinn var haldin í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi þann 21.6.2023. Á fundinum mættu formaður stjórnar BÁ, Sveitarstjóri Hrunamannahrepps, oddviti sveitarstjórnar Hrunamannahrepps, forstjóri Heilbrigðisstofnunnar Suðurlands, slökkviliðsstjóri BÁ og fulltrúar björgunarsveitarinnar Eyvindar frá Flúðum. Slökkviliðsstjóra var falið að vinna áfram að málinu og halda stjórn upplýstri um framgang mála.

**3. Árvegur 1 Selfossi, skrifstofurými og kjallari að hluta.**

Slökkviliðsstjóri kynnti fyrir fundarmönnum erindi er barst BÁ frá forsvarsmönnum Björgunarfélags Árborgar en þeir hyggja á stækkun á sínum hluta fasteignarinnar við Árveg 1 til þess að húsnæðið rúmi betur þá starfsemi sem þeir standa fyrir. Um leið vilja þeir kanna hvort BÁ hafi huga á að festa kaup á hluta BFÁ í ákveðnum rýmum í húsnæðinu sem myndi nýtast starfsemi BÁ vel. Stjórn ákvað að skoða málið betur og kynna sér þau rými er um ræðir á næsta fundi sem haldin verður í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið kl. 17:00